# REGLUGERÐ

**um (2.) breytingu á reglugerð nr. 595/1997 um heimilisuppbót, sérstaka heimilisuppbót og frekari uppbætur samkvæmt 9. og 10. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð.**

1. gr.

Heiti reglugerðarinnar verður eftirfarandi:

Reglugerð um heimilisuppbót og frekari uppbætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.

2. gr.

7. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

3. gr.

Í 3. málsl. 1. mgr. 8. gr. komi í stað fjárhæðarinnar „96.230" fjárhæðin „112.000".

4. gr.

Í 4. tölul. 1. mgr. 9. gr. komi í stað orðanna „sérstakrar heimilisuppbótar" orðið „tekjutryggingarauka".

Í 2. málsl. 2. mgr. 9. gr. komi í stað orðanna „sérstakrar heimilisuppbótar" orðið „tekjutryggingarauka".

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 13. gr. laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. júlí 2001.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 1. júní 2001.*

**Jón Kristjánsson.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

30. maí 2001 Nr. 443

# AUGLÝSING

**um umferð í Grundarfirði.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu sveitarstjórnar Eyrarsveitar hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Á litlu bryggju og stóru bryggju (Norðurgarði) við Grundarfjarðarhöfn, frá enda og upp að landi, er vinnusvæði og öll óviðkomandi umferð bönnuð.

Regla þessi tekur gildi við birtingu hennar.

*Sýslumaður Snæfellinga, 30. maí 2001.*

**Ólafur K. Ólafsson.**